



## LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK HEFST Í DAG

Listahátíð í Reykjavík hefst í dag og stendur til 5. júní. Hátíðin er sett síðdegis og í kvöld hefjast fyrstu viðburðirnir: sýningin **Við sáum skrímsli** í Þjóðleikhúsinu kl. 19 og tónleikar **Ólafar Arnalds** og **Skúla Sverrissonar** í Norðurljóssal Hörpu. Uppselt er á þá tónleika og verður þeim útvarpað beint á Rás 1 auk þess að vera teknir upp fyrir sjónvarp.

Á morgun, laugardag, er **útsýning á Austurvelli kl. 15** þar sem katalónski fjöllistahópurinn La Fura dels Baus leikur listir sínar meðal annars í háloftunum ásamt stórum hópi hugdjarfra Íslendinga. Á laugardaginn kl. 17 syngur hinn heimsfrægi þýski tenór **Jonas Kaufmann** á tónleikum í Eldborg, Hörpu, ásamt **Sinfóníuhljómsveit Íslands**, og er einnig uppselt á þá tónleika fyrir allnokkru síðan. Í Listasafni Reykjavíkur opnar sýning á verkum **Tomi Ungerer**, og einnig sýningin **Sjónarmið** – á mótum myndlistar og heimspeki. Einnig opnar **Harpa Árnadóttir** einkasýningu í Listasafni ASÍ. Á sunnudag dansar einn virtasti danshópur Evrópu, **Les Slovaks** í Borgarleikhúsinu, en hann er skipaður fimm karldönsurum og er þekktur fyrir galsafullar og einlægar sýningar sínar.

Uppselt er á þó nokkra af viðburðum hátíðarinnar, meðal annars tónleika nígeríska trommuleikarans **Tony Allen** og **Stórveitar Samúels** þann 1. júní. **Tónleikarnir verða því fluttir úr Tjarnarbíói í Norðurljóssal Hörpu og því verður á ný hægt að kaupa sér miða á tónleika Tony Allen frá og með mánudeginum 23. maí kl. 12.**

[www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) - Sjáumst á Listahátíð!



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival  
Lækjargata 3 | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík  
Sími: (+354) 561 2444 | Fax: (+354) 562 2350  
[www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) | [artfest@artfest.is](mailto:artfest@artfest.is)



samskip

Iceland Express



Aðalsamstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík